

Fimmtudaginn 3. apríl 1997.

Nr. 145/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn

Erni Karlssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður styttri tími.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1997. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 25. apríl 1997 kl. 16. Sóknaraðili reisir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, verður fallist á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Rannsókn máls þessa, sem er umfangsmikil og beinist að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi margra manna, er á frumstigi. Með vísan til þessa verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 25. apríl 1997 kl. 16.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Örn Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 1997.

Ár 1997, miðvikudaginn 26. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Erni Karlssyni, kt. 070955-2379, með lögheimili að Þórsstötu 5, Reykjavík, en dvalarstað að Safamýri 25, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. apríl 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af framburði kærða og gögnum málsins er ljóst, að kærði hefur haft rík afskipti af þeim viðskiptum, sem fóru fram í nafni Brúna og Más Karlssonar. Már Karlsson hefur borið, að hann eigi enga möguleika á að standa undir þessum fjárskuldbindingum, og verður að telja, að kærði hafi ekki getað verið grunlaus um það. Grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að fjársvikum, hvort sem það hafi verið með beinni þátttöku eða liðsinni í orði eða verki, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, þykir því rökstuddur. Fjársvik varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gætu því varðað kærða fangelsi. Málið er umfangsmikið, en rannsókn þess er á frumstigi. Lögreglan telur fjölmarga tengjast málinu með einhverjum hætti, en auk þess er mikill hluti þeirra muna, sem grunur leikur á um, að hafi verið sviknir út, enn ófundinn. Í ljósi þess þykir ástæða til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, ef hann færi frjáls ferða sinna.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til fimmtudagsins 17. apríl nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Örn Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. apríl 1997 kl. 16.00.